



The meandering roadways of the Icelandic hinterland illustrate the landscape students of Vietnamese background are challenged to navigate within the nation's educational system.





**Vannýtt auðlind:  
Nemendur af erlendum uppruna í  
Íslenskum framhaldsskólum**

*Anh-Dao Tran, [adt@hi.is](mailto:adt@hi.is)*

**Delta Kappa Gamma, Vorping 2016**





# Efni


- Samhengi
- Viðfangsefni
- Fræðileg nálgun
- Framkvæmd
- Gagnaöflun
- Ævisögur nemenda
- Niðurstöður





# Fjöldi íbúa af erlendum uppruna


Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni, aldri og ríkisfangi 1996-2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS



### Chart Title





# Viðfangsefni

Ungir innflytjendur glíma við ýmsa erfileika og hætta mun oftast í skóla en jafnaldrar þeirra á framhaldsskólastigi.

Ástæður:

- eru óöruggir með íslenskukunnáttu sína
- Hafa lélega sjálfsmynd
- eru félagslega einangraðir





# Fræðileg nálgun

- Deficiency and Hegemony Lens (vöntunar- og yfirráðanálgun: félagsauður, tungumálaauður, menningarauður)
- Critical Lens and Multicultural Education Lens (gagnrýnið sjónarhorn og fjölmeningarkennslufræði): kennarar læra með því að prófa sig áfram, læra af reynslunni og nýta auðlindir nemenda



# Hvað er menning?

- Menning er breytileg og er ekki takmörkuð við þjóðerni og tungu (Parekh, 2006)
- Menning nær yfir kyn, kynhneigð, stétt, líkamlega eða andlega fötlun o.fl. (Cope & Kalantzis, 1999)





# Menning er ekki í kyrrstöðu

Menningarheimar eru ekki í kyrrstöðu,  
heldur breytast með tímanum í gegnum  
samskipti, sköpun og umbreytingu  
(Freire, 2009; May, 1999; Nieto, 1996)





# Hvað er fjölmennning?

Í fjölmenningu mætast og víxlast ólíkir menningarstraumar sem hafa áhrif hver á annan. Það verður til þess að þeir breytast með tímanum og til verður breytt menning í viðkomandi þjóðfélagi



# Fjölmenning er móttækileg

Með því að þekkja og skilja aðra menningarheima öðlumst við betri sýn á okkur sjálf. Með því að verða móttækileg fyrir því sem er ólíkt gerum við líf okkar ríkara og við getum orðið víðsýnni. Meiri líkur verða á að það dragi úr þjóðhverfum hugsunarhætti, sem er undirrót misréttis, fordóma og kynþáttahatus ( Parekh, 1999).





# Börn og fjölmening

Börn sem geta beitt fleiri en einu tungumáli í samskiptum geta tengt menningarheima, þróa með sér gagnrýna hugsun og þjálfra hæfileika til að leysa vandamál (Cope & Kalantzis, 1999).



# Fjölmeningarmenntunarfræði

Fjölmeningarmenntunarfræði er fyrir alla, óháð þjóðerni þeirra, tungumáli, kynhneigð, trúarbrögðum, kyni, kynþætti, og örðum eiginleikum (Nieto 2000, p. 311).



# Fjölmenningarfræði: heildræn menntun

Fjölmenningarfræði fjallar heildrænt um skólamál, þ.e. leggur áherslu á að kennarar prófi sig áfram og læri af reynslunni, forvarnir gegn fordómum, jafnræði (equity) í kennslu og inngilda (inclusive) námskrá (Nieto, 2000; Banks, 1998).





## Sambætting inntaks

Að hvaða marki kennarar nota dæmi og inntak ólíkra menningarheima í kennslu sinni

## Að smíða þekkingu

Að hvaða marki kennarar hjálpa nemendum að skilja, rannsaka og skilgreina hvernig menningarleg afstaða, viðmið, sjónarhorn og skekkja innan fræðigreina hefur áhrif á hvernig þekking er sköpuð innan þeirra

## Uppeldisfræði jöfnuðar og réttlætis

Þegar kennarar breyta kennslu sinni þannig að hún bæti árangur nemenda af ólíkum uppruna, stéttum og af báðum kynjum

## Fjölmennningarleg menntun (Banks, 2005)

## Að minnka fordóma

Leggur áherslu hvað einkennir fordóma nemenda og hvernig má breyta þeim með kennslu-aðferðum og námsefni

## Skólamenning sem eflir

Skólamenning og skipulag sem stuðlar að jöfnuði milli kynja, nemenda af ólíkum uppruna og úr ólíkum stéttum. Mikilvægt að allir taki þátt í að breyta henni.





# Banks (2005)

- Skólaþróun í fjölmenningsarsamfélagi leggur áherslu á:
  - vinnu gegn rasisma og ójöfnuði
  - skilning og viðurkenningu á hæfileikum og styrkleikum hvers og eins nemanda
  - gagnrýna hugsun, gagnrýna uppeldisfræði
  - þátttöku kennara, foreldra og nemenda
  - miklar væntingar og kröfur til allra nemenda





# Kennslufræði

Mismunandi kennsluaðferðir, aðrar en hefðbundnir fyrirlestrar kennara, koma námsefni betur til skila til nemenda  
(Suárez-Orozco & Suárez-Orozco, 2014)






# Kennslufræði

- Námið fært út úr skólastofunni – vettvangsnám, rannsóknarnám, t.d. könnunaraðferðir
- Samfélagstengt nám – samvinna heimila, skóla og samfélags eða atvinnulífs og þjónusta við samfélagið
- Nemendalýðræði – virk þátttaka nemenda í mótun skólastarfs
- Nýta leiklist, tónlist, tungumál o.fl.





# Qualitative Study of the 3 Levels of Discourses of Education





# Gagnaöflun

- Vettvangsathuganir í tveimur framhaldsskólum
- Hálf-opin viðtöl við
  - 8 kennara
  - 13 nemendur af víetnömskum uppruna



Student name	Years in Iceland in 2014	Sex	Parent/parents in Iceland	Years in compulsory school	Terms in upper second. school 2014	Students' biographies	
						Type of employment	School/employment status in 2014
HanTrung	5	M	Single parent	0	5/ dropout	housekeeping	Food industry
TruongTrinh	5	M	Both parents	1	2 (2011)	department store worker	No information
ThanhNga	5	F	Single parent	0	6/ in school	housekeeping	Housekeeping
ThanhLang	6	M	Single parent	0	4/ dropout	housekeeping	No information
HoangOanh	6	F	Single parent	0	3/ dropout	dishwasher	Food industry
ThanhLiem	6	M	Single parent	2	4/ dropout	dishwasher	Food industry
MyThanh	7	M	Alone	0	8/ matriculation	receptionist	University studies
VietThuc	7	M	Both parents	3	8/ matriculation	department store worker	University studies
VinhHau	8	M	Both parents	3	8/ matriculation	department store worker	University studies
NhuTam	8	F	Alone	0	6/ dropout	food industry	Housekeeping
MyLinh	8	F	Alone	0	6/ dropout	cafeteria worker	Food industry
NgocBao	8	M	Single parent	2	7/matriculation	check out line	University studies
LanHuong	8	F	Both parents	3	8/matriculation	check out line	University studies



# Að skilja og skilja ekki

*Ef þau kunna ekki íslensku af því að þau hafa aðeins verið hér í 2 eða 3 ár, kunnu þau ekki að tala eða skrifa, og vissu ekki hvað þau ættu að gera, þegar þau komu í skóla. Kennurunum var alveg sama. Ef þau skildu ekki þá féllu þau bara. Kennararnir voru ekki að hjálpa þeim. Það þýddi að þau voru ekki tilbúin til að taka áfangann. Ef þau kunnu ensku, þá gátu kennararnir hjálpað þeim (NgocBao nemandi).*





# Kennsluaðferð og aðskilnaðarkennd

*...þegar við byrjuðum í skóla kunnnum við ekki ensku. Þó vorum við sammála um að þegar við lærðum íslensku ætti kennarinn að nota íslensku í kennslunni. Hann ætti ekki að nota ensku með okkur. Það sem gerðist var að við spurðum, en hann svaraði okkur ekki. Hann svaraði aðeins þeim sem kunnu ensku.*

(MyLinh)





# Óvirkjaðar auðlindir nemenda

*Stærðfræði er sú námsgrein sem hjálpar okkur mest af því að hún er ofsalega auðveld. Ég var næstum því búinn með 12. bekkjar stærðfræði þegar ég kom til Íslands. Þess vegna hefðum við getað farið beint í stærðfræði 503. En ég þurfti samt að byrja með 203, 303, 403 og 503, bara til að ná í einingar. Það var ekki fyrr en í 603 sem ég lærði eitthvað nýtt (MyThanh).*







# Að flytja þekkingu

*Auðvitað hjálpaði það sem ég lærði í Viet - Nam mér til að læra hér. Ég kunni til dæmis ekki íslensku. Ég skildi ekki kennarana. En þegar ég lærði stærðfræði þurfti kennarinn bara aðeins að byrja með dæmi og ég vissi strax hvernig átti að leysa það vegna þess að ég þekkti aðferðina. Ég gæti bara haldið svona áfram (VinhHau).*





# Námsaðferðir

*Okkar námsaðferðir voru miklu meira krefjandi í Viet-Nam en hér á Íslandi. Þess vegna kunni ég alveg að vinna þegar ég kom hingað (ThanhLang)*





# Afslappað nám á móti krefjandi námi

*...mér finnst námið afslappað hér, mikið meira afslappað. Auk þess að fara í skóla í Viet – Nam, nánast á hverjum degi þurfti ég að hafa áhyggjur af heimavinnu. Eftir að ég koma heim úr skólanum, þurfti ég að hugsa um heimanám dagsins. Síðan eftir að ég hafði klárað það þurfti ég að undirbúa mig fyrir næsta skóladag (VinhHau)*





# Óvirkjaðar auðlindir nemenda

*Ekki heimavinna [á Íslandi], en ég held það ætti að vera heimavinna svo að nemendur þurfi að læra til að undirbúa sig fyrir tíma næsta dag... Það er mikil heimavinna í Viet-Nam og að mínu mati græði ég á því*

(HoangOanh)





# Óvirkjaðar auðlindir nemenda

*Foreldrar mínir sögðu við mig að ég þyrfti að leggja á mig að læra svo að ég gæti valið það sem mig langar að læra seinna. Þeir passa það að ég geri mína heimavinnu á hverju kvöldi og skoða einkunnabókina mína í hvert skipti sem hún er send heim  
(ThanhLiem)*




# Niðurstöður

- Vantar skilning og meðvitund um fjölmenningu hjá fagfólki
- Vantar faglega þróun í kennsluaðferðum



## Niðurstöður (framh.)

- Tungumálakunnátta, menningarlegur bakgrunnur og fyrri skólaganga nemenda var ekki nýtt
- Nemendur af erlendum uppruna voru álitnir undirmálsfólk, það endurspeglar íslenskt meirihlutaviðhorf



United Nations High Commissioner for Refugees



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Anh-Dao Tran, [adt@hi.is](mailto:adt@hi.is).  
30. apríl 2016





- <http://digitalstorybooks.wikispaces.com/file/detail/Flying+Home+ebook+English.wmv>
- Sapon-Shevin nefnir margvíslegar aðferðir til að vinna með fjölbreyttum nemendahópum
- [http://www.achievementseminars.com/seminar\\_series\\_2005\\_2006/readings/tesol.turkey.pdf](http://www.achievementseminars.com/seminar_series_2005_2006/readings/tesol.turkey.pdf)
- [http://www.ryerson.ca/content/dam/mylanguage/images/Hold\\_On\\_Icelandic\\_web.pdf](http://www.ryerson.ca/content/dam/mylanguage/images/Hold_On_Icelandic_web.pdf)